



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/944
komudagur 28.2.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík


Reykjavík 26.febrúar 2002.

Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 1/1997 o.fl., 493 og 494. mál.

Í frumvörpunum felast efndir á yfirlýsingu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna frá 13.7 2001. Slíkar yfirlýsingar eru þáttur í leiðréttingu launakjara og/ eða lausn kjaradeildu og ber að efna. Viðræður eru nú að hefjast um innbyrðis leiðréttingu á lífeyrissrétti starfsmanna hins opinbera. Stefnt er að því að leiðrétta það misrétti sem er í lífeyrissréttindum félagsmanna í almennu verkalýðsfélögunum sem starfa hjá hinu opinbera, borið saman við réttindi félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna. Viðræður þessar byggjast á yfirlýsingu fjármálaráðherra í tengslum við endurskoðun kjarasamninga. Umgetið frumvarp er grein af samskonar meiði.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.